

Skólafestna Eyjafjarðarsveitar

Samþykkt á 497. fundi sveitarstjórnar þann 24. maí 2017



*Allir geta lært og tekið framförum.
Vinnum saman og lærum hvert af öðru.*

Bjartsýni, góðvild og tiltrú

Í Eyjafjarðarsveit eru starfandi leikskólinn Krummakot og Hrafnagilsskóli og jafnframt á sveitarfélagið aðild að Tónlistarskóla Eyjafjarðar sem rekinn er í samstarfi þriggja sveitarfélaga. Auk þess er starfrækt Frístund fyrir nemendur í 1.- 4. bekk og tómstundastarf fyrir unglinga.

Skólafélagið í sveitarfélaginu hefur verið öflugt undanfarin ár og orðspor skólanna gott.

Vilji sveitarfélagsins er að skapa skólunum umgjörð sem er til þess fallin að skólafélagið í Eyjafjarðarsveit skili árangri og sé öflugt, börnum okkar og samfélaginu til heilla. Leiðarljós stefnunnar er **bjartsýni, góðvild og tiltrú** á alla, nemendur, starfsfólk, stjórnendur og foreldra. Sjálfstæði skóla er ein af forsendum framþróunar að því marki sem lög og fjárhagsrammi mæla fyrir um og er það vilji sveitarstjórnar að svo verði áfram.

Hlutverk Eyjafjarðarsveitar í skólafélagi

Eyjafjarðarsveit heldur úti öflugum skólafélagi í samræmi við lög og reglur með það að markmiði að allir geti lært og tekið framförum. Lögð er áhersla á góða menntun og uppeldisaðstæður, öryggi, framúrskarandi starfshætti og góðan aðbúnað.

Mikilvægt er að skólarnir meti framfarir og stöðu nemenda með áreiðanlegum og samanburðarhæfum hætti auk þess að viðhafa virkt innra mat.

Skólarnir hafa lagt áherslu á samvinnu sín á milli og telur sveitarstjórn mikilvægt að svo verði áfram.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill standa vel að skólafélagi, hvort sem um er að ræða aðbúnað, mannafla, frjóar námsaðstæður eða námsárangur. Virkt samstarf allra aðila er þar lykilatriði.

Stefnumið

Allir nemendur sem útskrifast úr skólum sveitarfélagsins búi yfir hæfni sem skapar hverjum og einum tækifæri til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf og möguleika til áframhaldandi náms.

Markmið

- Skýr viðmið um leikni og þekkingu eru sett fram í skólanámskrám allra skólanna.
- Staða nemenda er metin með reglubundnum hætti í ljósi hæfniviðmiða námskráa.
- Starfshættir í skólunum uppfylla faglegar kröfur svo allir nemendur fái tækifæri til að taka eðlilegum framförum.
- Allt starf byggir á grunnþáttum menntunar:
 - o *Læsi*
 - o *Sjálfbærni*
 - o *Heilbrigði og velferð*
 - o *Lýðræði og mannréttindi*
 - o *Jafnrétti*
 - o *Sköpun*
- Starfsþróun er í öndvegi.
- Virkt mat á skólafélagi er samofið starfsháttum.
- Unnið er eftir tímasettum starfsáætlunum.

Sérstaða skólanna í Eyjafjarðarsveit

Skólarnir í Eyjafjarðarsveit eru í Hrafnagilshverfi og er göngufæri á milli þeirra. Þar er að finna bókasafn sveitarinnar, íþróttamiðstöð, sundlaug og Tónlistarhúsið Laugarborg. Þar eru einnig skrifstofur sveitarfélagsins og aðstaða félagsstarfs eldri borgara. Hádegisverður nemenda og starfsfólks skólanna er eldaður í mötuneytiseldhúsi á svæðinu. Skógarreiturnin Aldísarlundur er í hverfinu þar sem aðstaða er til útikennslu.

Leitast er við að aðstaða í skólunum sé góð og endurnýjun á tækjakosti og aðbúnaði sé með eðlilegum hætti.

Allt kapp er lagt á að skóladagur sé samfelldur, meðal annars með því að nemendur tónlistarskólans geti sótt tónlistarnám á skólatíma og iðkað íþróttir að loknum skóladegi. Allir nemendur frá 4 ára til 10 ára njóta tónlistarkennslu í formi forskóla, til viðbótar við lögbundna tónmenntakennslu grunnskólans. Hluti af skólastarfinu er danskennsla fyrir alla nemendur frá 5 til 16 ára aldurs.

Stjórnendur

Stjórnendur eru lykilaðilar í öllu skólastarfi. Þeir bera ábyrgð á skólastarfi gagnvart sveitarstjórn og svara fyrir starf skólanna. Áhrifamáttur öflugra stjórnenda getur haft afgerandi áhrif á skólastarf, starfshætti, samstarf við foreldra og gengi nemenda. Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á að rekstur skólans sé innan fjárheimilda, að skólanámskrá og starfsáætlanir séu uppfærðar og að innra mat á starfi skólans sé formlegt, skriflegt og opinbert. Einnig bera stjórnendur ábyrgð á því að virk starfsþróun eigi sér stað, nemendur og starfsfólk búi við öruggar aðstæður í skólunum og áætlanir sem að því lúta séu til staðar.

Stefnumið

Skólastjórnendur eru leiðtogar og byggja starfshætti sína á bjartsýni, tiltrú á alla í skólasamfélaginu og fagmennsku.

Markmið

- Skólastjórar eru faglegir leiðtogar sem vinna náið með kennurum að því að allir nemendur taki þeim framförum sem þeim er unnt.
- Skólastjórar reka skólana innan fjárheimilda.
- Skólanámskrár og starfsáætlanir eru lagðar fram að hausti ár hvert.
- Áætlun um innra mat og umbótaáætlun er endurskoðuð árlega.

Starfshættir

Skólamenning og skólabragur mótast fyrst og fremst af vinnubrögðum og viðhorfum starfsfólks. Mikilvægt er að bjartsýni, góðvild og tiltrú einkenni samskipti starfsfólks við alla aðila skólasamfélagsins. Samskipti byggjast á tiltrú starfsfólks og foreldra á getu barna en þessir aðilar bera sameiginlega ábyrgð á velferð þeirra í skólastarfi. Starfshættir kennara eru að öllu jöfnu stærsti áhrifavaldurinn í námi nemenda og því skiptir sköpum að kennsluaðferðir, námsefni og samskipti skili sér í framförum nemenda. Samstarf og samvinna kennara, stjórnenda og annars fagfólks er lykilatriði svo tryggja megi að komið verði til móts við stöðu og þarfir allra barna.

Starfsfólk skólanna starfar sem hópur með sameiginlega ábyrgð og markmið, þar sem hver starfsmaður leggur sig fram við að tileinka sér menningu og brag skólans.

Stefnumið

Mikilvægt er að öryggi barna sé tryggt, samskipti séu gefandi og hvetjandi og allir nemendur fái tækifæri til að taka eðlilegum framförum og blómstra.

Markmið

- Í skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar þær stefnur sem skólarnir standa fyrir.
- Samvinna er grundvallarþáttur í starfsháttum.

Samstarf við foreldra og forráðamenn

Aðalsmerki skólanna er samvinna og lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra og forráðamenn. Þeir eru velkomnir í heimsóknir í skólana og eru hvattir til að mæta á viðburði og hátíðir eins og foreldrakaffi, samverustundir, sýningar og tónleika. Í sveitinni hefur skapast hefð fyrir góðri þátttöku forráðamanna á þessa viðburði. Foreldrafélög og -ráð eru starfandi við leik- og grunnskólann.

Framtíðarsýn

Nám og kennsla er þungamiðja skólastarfs og því mikilvægt að fagfólk komi að öllum störfum. Mikilvægt er að nýsköpun hafi sess í skólastarfinu og að horft sé til rannsókna og skólafræða á hverjum tíma. Það er metnaðarmál Eyjafjarðarsveitar að nemendur fái góða menntun, að skólarnir séu eftirsóknarverðir vinnustaðir og að þar ríki bjarsýni, góðvild og tiltrú á nemendur og starfsfólk.

Vinna skólastefnunnar

Vinna við skólastefnuna hófst fyrri hluta árs 2015 og var hún samþykkt 24. maí 2017 í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar. Að vinnunni komu sveitarstjórn og skólanefnd Eyjafjarðarsveitar, stjórnendur skólanna og fulltrúar starfsmanna og foreldra. Skólastefna Eyjafjarðarsveitar er endurskoðuð á fimm ára fresti en oftast ef þörf krefur. Endurskoðun fari fram eigi síðar en árið 2022.